



ORKUSTOFNUN

Greinargerð vegna ráðningar í stöðu Halínu
Bogadóttur, verkfræðings, á vatnamælingum
Orkustofnunar

Árni Snorrason

Greinargerð ÁSn-91-01

**Greinargerð vegna ráðningar í stöðu Halínu Bogadóttur, verkfræðings,
á vatnamælingum Orkustofnunar**

Nú í ársbyrjun var ljóst að Halína Bogadóttir, verkfræðingur, mundi ekki hverfa til sinna fyrri starfa hjá Vatnamælingum að loknu endurmenntunarleyfi. Starfssvið hennar var aðallega á sviði gagnaúrvinnslu, bæði frumgagna og afleiddra gagna. Einnig vann hún við almenna vatnafræðilega greiningu. Endurmenntun hennar í vatnafræði var hugsuð til þess að gera hana hæfari til þessara starfa, sem eru mjög þýðingarmikil fyrir starfsemi Vatnamælinga, jafnt innávið sem útávið.

Ég tel algjörlega óhjákvæmilegt að ráða í stað Halínu og er því farið fram á að heimild verði gefin til þess að auglýsa eftir sérfræðingi í stöðu vatnafræðings við Vatnamælingar. Þegar hefur verið leitað að starfsmanni innan Orkustofnunar og fullreyst að hann er ekki til staðar. Ég tel rétt að leitað verði eftir starfsmanni með sérmenntun í vatnafræði, eða skyldum greinum. Ætlunin er að starfsmaðurinn starfi aðallega við greiningu, meðferð og framsetningu vatnafræðilegra gagna, jafnframt almennum vatnafræðifrannsóknum, en síður á sviði gagnaöflunar.

Virðingarfyllst,

Árni Snorrason
Forstöðumaður Vatnamælinga
Orkustofnunar